

Til Atvinnumálanefndar alþingis

Varðar frumvarp til laga um dýravelferð

Eftir lestur á því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi, frumvarpi að lögum um dýravelferð ákvað Samband íslenskra loðdýrabænda að koma ekki með athugasemdir þar sem við erum að flestu leyti sátt við frumvarpið. Við ákváðum hins vegar að fylgjast með þeim umsögnum og ábendingum sem inn kynnu að koma.

Við yfirferð á þeim 47 umsögnum/ábendingum sem nú liggja fyrir er ljóst að þar er að finna ábendingar sem snerta okkar búgrein. Ábendingar sem okkur finnst að við verðum að svara og í sumum tilvikum leiðréttta misskilning sem fram kemur. Það er að okkar mati réttmæt krafa af okkar hálfu enda varð formaður nefndarinnar góðfúslega við beiðni okkar. Einkum er um að ræða þrennt sem við viljum fjalla um.

Í fyrsta lagi kemur fram sú skoðun hjá a.m.k. tveimur umsagnaraðilum að það beri að krefjast þess að það þurfi að hafa leyfi fyrir eldi loðdýra. Þessu er til að svara að loðdýrabændur þurfa annars vegar að hafa leyfi frá Atvinnuvegaráðuneytinu til þess að halda loðdýr og hins vegar þurfa þeir að hafa leyfi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til að mega reka bú sín. Að auki gilda sömu reglur hvað varðar loðdýrarækt og um búfjáreftirlit í öðrum búgreinum.


Í öðru lagi kemur fram krafa frá umsagnaraðilum (2) um að gerð verði krafa um örmerkingar á minkum. Hvergi í heiminum er gerð krafa um örmerkingar á aliminkum. Örmerkingar eru mikil vinna og talsvert dýrar þar sem einungis dýralæknar mega framkvæma þær og merkin sjálf auk lestrarbúnaðar eru dýr. Það yrði okkur því mjög erfiður biti að þurfa að keppa við framleiðendur þar sem ekki er krafa um örmerkingar. Afar fátt ef nokkuð hefur komið fram sem bendir til þess að sá minkur sem veiddur er nú í náttúrunni sé af þeim búum sem starfrækt eru í dag. Enda eru allar varnir búanna með þeim hætti að slíkt á ekki að geta gerst. Benda má á að tölur yfir veidda minka í Skagafirði benda eindregið til þess að um fækkun sé að ræða a.m.k. þar hvað varðar villtan mink. Vísbendingar eru um það sama úr öðrum sveitarfélögum þar sem stunduð er minkarækt.

Í þriðja lagi koma fram kröfur um að bann verði sett við notkun sérbúinna véla til aflífunar á minkum. Krafa þessi er ekki studd neinum öðrum rökum en að fólki finnst bara að það sé ómannúðlegt. Að okkar mati þarf hreinar vísindalegar sannanir fyrir því að setja slíkar reglur hér á landi, einu landa, því fjárhagslega mundu slíkar reglur verða okkur erfiðar. Meðfylgjandi er greinargerðar frá okkur þar sem

rakin er staðan í öðrum löndum, rök fyrir því að nota megi vélar og reglur í ESB og Danmörku um aflifun á minkum.

Það er von okkar að þau efnisatriði sem við höfum hér lagt fram verði til þess að ekki verði gerðar breytingar á frumvarpinu hvað varðar framangreinda þætti. Það er ljóst að það er erfitt fjárhagslega að þurfa að búa við reglur sem eru að íþyngjandi í samanburði við þau lönd sem við keppum við. Um er að ræða framleiðslu sem lýtur algerlega lögmálum markaðarins um framboð og eftirspurn.

Á árinu 2012 var útflutningsverðmæti minkaskinna frá Íslandi 1.6 milljarður kr. Aukning er í framleiðslunni og nýtt ungt vel menntað fólk að koma í greinina. Áætla má að um 100 manns hafi atvinnu beint og óbeint af greininni og um 7000 tn af lífrænum aukaafurðum úr fiskvinnslu, fiskeldi, slátrun og kjötvinnslu eru uppistaðan í fóðri dýranna.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hjartur', is written across the page.

Um fjöllum um grein 20 í frumvarpi til laga um dýravelferð (aflífun minka)

20 gr. fjallar um aflífun og gerir meðal annars ráð fyrir að aflífun með útblæstri frá vél verði leið.

Notkun á gasi við dráp dýra er útbreidd aðferð og marg reynd og rannsökuð um allan heim. Í minkarækt er notkun á gasi við aflífun sú aðferð sem allar þjóðir sem á annaðborð hafa reglur leyfa, enda eru sérfræðingar sammála um að notkun á gasi sé mjög góð aðferð við aflífun dýra. Á meðfylgjandi blaði (Killing methods in mink), er samantekt á viðurkendum gastegundum við dráp minka í 13 löndum. Eins og niðurstöðurnar sýna er aflífun með kolmónoxíði (CO) og koldíoxíði (CO₂) ráðandi aðferð við aflífun minka í öllum þessum 13 löndum.

Það sem réttlætir dráp dýra með kolmónoxíði eða koldíoxíði er að dýrin finna ekki lykt af gasinu og þau upplifa ekki köfnunartilfinningu þegar þau koma inn í klefa fullan af gasi, heldur líða útaf og sofna án þess að upplifa köfnun því öndunin helst eðlileg áfram.

Uppruni gastegundanna getur verið hvort sem er af flösku og þá sem hrein tegund eða útblástur frá bensín mótör, en sá útblástur inniheldur báðar gastegundirnar. Stærsti ókosturinn við að nota koldíoxíð gas beint af flösku er að lungnablöðurnar í dýrunum springa frekar sem veldur oft blæðingum úr nösnum, en blóð má ekki fara í feldinn við aflífun.

Hraði á dauðdaga dýra sem sett eru í fullmetaðan kassa af gasi er sá sami hvort sem gasið kemur úr flösku eða frá viðurkendum mótör sem lætur frá sér nauðsynlegt magn af báðum gastegundum. Ekki er heldur munur í notkun á milli gastegundana kolmónoxíðs og koldíoxíðs. Sjá meðfylgjandi samantekt um samanburð á notkun á Kolmónoxíði og Koldíoxíði, unnið af Scandinaviskum dýralæknum og framkvæmdarstjóra European Fur Breeders Association.

Í öllum löndum þar sem lög gilda er því uppruni gassins frá hvort sem er vél eða flösku viðurkennd sem lögmæt og gild aðferð við aflífun minka. Sjá meðfylgjandi reglugerð útgefna af Ráðherraráði Evrópusambandsins (Council of the European Union), Council regulation (EC) No 1099/2009. Á blaðsíðu 22 og blaðsíðu 25, liður 9.4, en þar kemur skýrt fram að leyfilegt er að nota útblástur frá viðurkendum vélum við aflífun minka.

Meðfylgjandi er einnig danska reglugerðin sem setur umgjörð um aflífun dýra í Danmörku (Bekendtgørelse om slagting og aflivning af dyr. Nr 583/2007). Í kafla 11, gein 56 til 62 er fjallað um aðferðir og kröfur við aflífun minka. Í grein 60 kemur skýrt fram að heimilt er að nota útblástur frá viðurkendum mótör til aflífunnar.

Hægt væri að leggja fram fleiri reglugerðir en þessar tvær til staðfestingar á að notkun á gasi frá vél sé viðurkennd aðferð við aflífun minka.

Það er algerlega óásættanlegt fyrir minkabændur á Íslandi að sett verði bann við aflífun minka með útblæstri frá vél enda ljóst að þetta er viðurkennd aðferð í öllum þeim löndum sem við miðum okkur við og er jafnframt örugg leið til aflífunnar og hættu lítil fyrir þá sem verkið framkvæma.

Að okkar mati er eðlilegast að hér á landi sé stuðst við sömu reglur og eru í Danmörku þar sem flest tæki til aflifunar á Íslandi eru keypt frá Danmörku og þá af aðilum sem fengið hafa viðurkenningu frá viðurkenndum eftirlitsaðilum í landinu. Að okkar mati er algerlega óásættanlegt að hér séu strangari og meira íþyngjandi reglur um aflifun en í öðrum löndum Evrópu. Við leggjum til að ákvæði um notkun á gasi frá sér búnum vélum verði í lögum um dýravelferð og í framhaldinu verði reglugerð um aflifun búfjár nr 761/2011 endurbætt þannig að eftirlit og kröfur til véla séu í samræmi við gildandi reglugerðir sem vitnað hefur verið til hér að ofan.

Meðfylgjandi gögn.

1. Council regulation (EC) No 1099/2009. Tilvísun
2. Bekendgørelse om slagtning og aflivning af dyr, nr 583/2007. Tilvísun
3. EFBA project concerning killing methods. Ljósrit
4. Killing Methods Mink. Ljósrit

EFBA project concerning killing methods

Action list:

Matrix that summarise the project groups first discussions concerning the killing methods. 20/12/2007 – Lars Jensen.

All relevant scientific reports. 20/12/2007 – Gorm Sanson.

Member state assessment concerning CO from engines or bottles. Francoise Hossay.

Member state feedback on the content of the matrix. Especially regarding procedures, parameters and control. 08/01/2008.

Next meeting: 17/01/2008

Matrix

(Note: I have included chinchilla in the matrix despite the fact that we only discussed killing of chinchilla very briefly)

	CO	CO2	Electrocution
Fox Mink Chinchilla	X	X	X X
Procedure	Engine Used in DK Bottles Not used in DK	Bottles Used in DK	Fox: Electrodes in rectum and mouth. Used in DK Chinchilla: Electrodes on the tale and an ear. Used in DK
Parameters	Time between filling the box with CO and adding the first animal. A timelimit is irrelevant. Only the amount of CO in the box is relevant. Number of added animals per minute. The number of animals added per minute is irrelevant. Only the amount of CO in the box is relevant. Time between adding the last	Time between filling the box with CO2 and adding the first animal. A timelimit is irrelevant. Only the amount of CO2 in the box is relevant. Number of added animals per minute. The number of animals added per minute is irrelevant. Only the amount of CO2 in the box is relevant. Time between adding the last animal to the box	Duration of stunning. Voltage. Amperes. The legal method in DK for killing of chinchilla: Electrodes on the tale and one ear. 0,57 ampere in at least 60 seconds.

	<p>animal to the box and emptying the box. 5 minutes.</p> <p>Automatic closing device on the hatch through which the animals enter the box. To secure that the CO stays in the box. A closing device is already use in DK in general.</p> <p>CO concentration. Securing the right concentration in the box. How should the CO be added to the box? No comment.</p> <p>Measuring of the CO concentration. Measuring at the right spot in the box. Not available in DK at the moment. Can be made. Alternative: Use of a lighter. No Oxygen = no flame</p>	<p>and emptying the box. 5 minutes.</p> <p>Automatic closing device on the hatch through which the animals enter the box. To secure that the CO2 stays in the box. A closing device is already use in DK in general.</p> <p>CO2 concentration. Securing the right concentration in the box. How should the CO2 be added to the box? No comment.</p> <p>Measuring of the CO2 concentration. Measuring at the right spot in the box. Not available in DK at the moment. Can be made. Alternative: Use of a lighter. No Oxygen = no flame</p>	
Control	<p>Inspection facility. A small part of the box must be made of transparent material. And this part of the box must in general be covered during the killing in order to secure darkness in the box. Not available in DK at the moment. Can be made/implemented.</p> <p>Report form. Ongoing reporting</p>	<p>Inspection facility. A small part of the box must be made of transparent material. And this part of the box must in general be covered during the killing in order to secure darkness in the box. Not available in DK at the moment. Can be made/implemented.</p> <p>Report form. Ongoing reporting</p>	<p>Measuring equipment concerning voltage and ampere. ?</p> <p>Report form. Ongoing reporting showing that the procedures have been followed. Not available in DK at the moment. Can be made/implemented.</p> <p>Control of heart beat. Not</p>

	<p>showing that the procedures have been followed. Not available in DK at the moment. Can be made/implemented.</p> <p>Measuring of CO concentration. Not available in DK at the moment.</p> <p>Control of heart beat. Not performed in DK at the moment.</p>	<p>showing that the procedures have been followed. Not available in DK at the moment. Can be made/implemented.</p> <p>Measuring of CO concentration. Not available in DK at the moment.</p> <p>Control of heart beat. Not performed in DK at the moment.</p>	<p>performed in DK at the moment.</p>
Scientific reports	5 – 6 reports	5 – 6 reports	<p>2 reports concerning foxes.</p> <p>0 report concerning Chinchilla.</p>
Member state feedback	Norway, Finland, Netherlands and Denmark	Norway, Finland, Netherlands and Denmark	<p>Norway and Finland concerning foxes</p> <p>Denmark concerning chinchilla.</p>



Killing Methods Mink

	1	2	3	4	5	6	
Country	Michanically operated instruments which penetrate the brain	Injection of an overdose of a drug with anaesthetic properties	Electrocution with cardiac arrest	Exposure to carbon monoxide (CO)	Exposure to chloroform	Exposure to carbon dioxide (CO2)	Most common method
Belgium				√			4
Denmark				√		√	6
Finland				√		√	4
France				√			4
Germany				√			4
Greece				√			4
Iceland				√		√	4
Ireland						√	4
Italy				√		√	6
Latvia						√	6
Lithuania				√		√	6
Netherlands				√			4
Norway				√		√	6
Poland				√		√	4
Spain				√		√	4
Sweden						√	6

Summing up Mink

CO is used in 13 countries (Belgium, Denmark, Finland, France, Germany, Greece, Iceland, Italy, Lithuania, Netherlands, Norway, Poland and Spain), CO2 is used in 11 countries (Denmark, Finland, Iceland, Ireland, Italy, Latvia, Lithuania, Norway, Poland, Spain and Sweden). Both methods are used in 8 countries (Denmark, Finland, Iceland, Italy, Lithuania, Norway, Poland and Spain).

